

Að stundu liðinni kom flokkurinn í land með háreysti mikilli þeir staðnaemdust við húsið prestsins. Rauðhærður maður holdugur mjög benti glannalega upp í gluggann og mælti ekki all-lágt: „Hérra býr hann náttuglan gamla“.

Prestur heyrði vel orð hans, og varð reiður mjög, en sat samt kyrr í stólnum. Feiti maðurinn hélt áfram: „Hann skýst æfinlega inn þegar hann sér til míni. Hann er ekki að ófyrirsynju ugla“.

Félagar hans hlógu dátt að fyndni hans, Hár maður dökkur á brún og brá, sem ekki var eins galsafullur og hinir sagði: „Þið eruð þó gamlir vinir og skólabræður?“

„Ja, vinir. Það þori eg nú ekki að segja. En skólabræður vorum við í 3 ár. Lásun saman undir próf. Hann hefir alla æfi sína verið sílesandi.“

„En þér hafið ekki verið það, herra vitavörður.“

„Guð komi til! Nei, eg smeygði mér undan því, og svo smeygði eg mér í burtu í siglingar. Hann vill nú ekki sjá mig, Fariseinn. Eg er nú gramur yfir því.“

„Það er nú varla sæmandi presti að vera með yður, herra vitavörður“, sagði hinn.

„Og fjandinn líka! Fyrir prest sem rekinn er frá embætti, ætti það að vera fullgott. Að minsta kostiaðhyllist dóttir hans aðstodarmanninn minn, sem er þó engu minni syndaselur en eg“.

Að þeim orðum töludum, kipti hann í klukkuna á hvítu girðingunni umhverfis húsið. Presturinn kom þegar í stað til dyra. Þeir lyftu höttum í kveðjuskyni.

Niðurl. í næsta blaði.

**HEIMIR** kemur út 12 sinnum á ári, 24 bls. í hvert sinn, og kostar einn dollar árgangurinn.— Afgreiðslustofa og skrifstofa blaðsins verður framvegis í nýju Heimishbyggíngunni austan við Unitarákyrkjuna, á suðausturhorninu á Sherbrooke og Sargent strætum, (582 Sargent Ave.) Winnipeg Man. —

Ritstjóri sra Rognvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónsson, Winnipeg Man.